

Nd.

252. Nefndarálit

[107. mál]

um frv. til l. um dýrtíðarráðstafanir vegna atvinnuveganna.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Fjárhagsnefnd hefur klotnað um þetta mál. Var ég í mjög veigamiklum atriðum andstæður tillögum þeim, sem í frumvarpinu felast, en flyt eða fylgi brtt. við aðrar, svo að ég gat ekki átt samleið með öðrum nefndarmönnum, sem vilja samþykka frumvarpið að mestu óbreytt.

Hvað I. kaflann snertir, þá verður að líta svo á, eftir þeim upplýsingum, sem ég hef fengið frá samtökum útvegsmanna, að útgerðin verði ekki rekin, ef ekki er tryggt hærra verð fyrir fiskinn en ábyrgð er tekin á í þessu frumvarpi. Ég mun því flytja eða fylgja breytingartillögum, er ganga í þá átt að tryggja bátaútveginum hærra verð fyrir fiskinn. Ég læt fylgja með sem fylgiskjöl með þessu frv. álit stjórnar Landssambands isl. útvegsmanna á því og ályktun frá aukafundi Sölumiðstöðvar hraðfrystihúsanna frá 7.—9. des. Segir í fylgiskjali II með hinni síðarnefndu ályktun, að verð á þorskflökum í 8×7 lbs. pergamentpakkningu þurfi að vera kr. 1.50 pr. lbs., miðað við 65 aura hráfnisverð.

Hvað II. kafla snertir, um skuldaskil útgerðarinnar, þá ætti hann að falla burtu að 12. greininni undantekinni. Sú aðferð, sem þarna er lögð til, að taka stóran hluta útgerðarinnar til skuldaskila, mundi hafa mjög skaðleg áhrif á sjávarútvegin og framtíðaraðstöðu hans, ef samþykkt yrði. Það þarf að haga þjóðfélagsmálum vorum þannig, að vinnuafli og fjármagn leiti til undirstöðu atvinnuveganna, en séu ekki flæmd þaðan burtu.

Meginákvæði III. kaflans eru um nýjar álögur á almenning, og er ég andstæður þeim ákvæðum og legg til, að felld séu. Fari svo, að þau yrðu felld, en fjár þyrfti fyrir sjáanlega vegna fiskábyrgðarinnar, mundi ég bera fram fjáröflunartillögur, er miðuðust við að lenda á þeim breiðu hökum, en ekki fyrst og fremst almenningi.

Væntanlegt fylgiskjal frá Landssambandi isl. útvegsmanna er ekki komið, en verður birt með framhaldsnefndaráliti.

Alþingi, 17. des. 1948.

Einar Olgeirsson.

Fylgiskjal I.

Ályktun frá Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna.

Aukafundur haldinn í S.H. dagana 7.—9. des. telur, að ef það verður ákveðið af hálfu þess opinbera, að hraðfrystihúsin skuli kaupa hráefnið föstu ákveðnu verði, þá beri að tryggja þeim það verð fyrir afurðirnar, að rekstri þeirra sé ekki stefnt í voða. Telur fundurinn, að það verð, sem hraðfrystihúsunum var tryggt s. l. ár, kr. 1.33 pr. lbs. í 8×7 lbs. pergament-pakkningu, sé of lágt, og telur áætlun þá, sem lögð var fyrir fundinn af stjórn S.H., réttan grundvöll fyrir því tryggingarverði, sem húsin þurfa að fá fyrir afurðir sínar, miðað við 65 aura hráfnisverð á ver-tíðar-þorski og núverandi kaupgjald.

Samþykkir fundurinn að fela stjórninni að framfylgja þessari ályktun.

Fylgiskjal II.

SÖLUMÍÐSTÖÐ HRAÐFRYSTIHÚSANNA

Miðað við vísitölu 300.

Desember 1948.

Þorskur í 8×7 lbs. pergament.

2800 kg á 0.65	kr. 1820.00	
Vinnulaun	—	462.00
Umbúðir:		
320 blöð á 0.13	kr. 41.60	
40 pappakassar á 2.30	—	92.00
Vír	—	20.00
	<hr/>	
	Kr. 153.60	
5% rýrnun	—	7.68
Flutningsgjald	—	20.00
	<hr/>	
		181.28
Akstur, útskipun og hafnargjöld	—	80.00
Útflutningsgjald 2.35% af kr. 3200.00	—	75.20
Umboðslaun S. H. 2% af kr. 3200.00	—	64.00
Vextir:		
4% af kr. 2400.00 í 6 mán.	kr. 48.00	
5½% af kr. 600.00 í 6 mán.	—	16.50
	<hr/>	
		64.50
Vátrygging 3%	—	11.00
Frysting og geymsla	—	550.00
	<hr/>	

Kr. 3307.98

Kr. 1.50 pr. lbs.